

Fundur 13.5.2024 Lúðvík Emil Kaaper bankastjóri.

Góða kvöldið, komið þið öll blessuð og sæl.

*Góða kvöldið.*

Tala ég til ykkar úr stórum sal og fjölmönnum og vildi ég gjarnan að þið skynjuðuð til mín og sæjuð þennan mannfjölda sem er í salnum og er ég hér á annarri framlífs jörð minni og orka mín heldur áfram að aukast og er hér nóg að starfa.

*Hver ert þú ?*

Ég reyni að koma því að bráðum, ég kem því ekki alveg að strax, já hér er nóg að starfa og verkefnin næg á fyrstu framlífs jörð minni.

Verð ég að segja að það gekk allt eftir sem dr. Helgi Pjeturss hafði spáð fyrir um og kom fram í kenningum hans.

Og ætlaði ég að koma í samband þetta fyrir löngu en það dróst og hef ég gengt mörgum lykil störfum í þjóðfélaginu.

Og stolt mitt yfir því að vera Íslendingur er mikið og skila ættjörðinni til baka öllum þeim gæðum sem hún hefur gefið manni og varðveita hið íslenska tungumál sem er norrænasta allra, sem er upprunalegast allra norrænu tungumálanna og kenna minni upphaflegu þjóð norrænuna.

Og hefur það verið mikið starf að varðveita menningarverðmætin og stuðla að endurbótum á menningunni, og hef ég verið kærleikans meginn í tilverunni.

Og hefur mér þótt það leiðinlegt að ég kom ekki í samband þetta fyrir löngu, en ekki vorum við dr. Helgi Pjeturss á sömu framlífs jörðinni, en áttum við eftir að kynnast vel í fjarsambandi hnattanna á milli í stjórnum sambandsstöðvum og djúp virðing og vinátta ríkir nú á milli okkar, þótt óvinskapur hafi ríkt í upphafi.

Var það á misskilningi byggt og get ég ekki farið út í það í smáatriðum, en á fyrsta framlífs hnetti mínum, þar sem ég var og hef hér verið um tuttugu ára skeið og rúmlega það.

Á þeim fyrsta framlífs hnetti þurfti að gera endurbætur á samfélaginu og margskonar gagnrýni dr. Helga Pjeturss og annarra átti rétt á sér og spilling innan kirkjunnar á þeim frumlífshetti kom við okkur og þurftum að taka afstöðu til hennar og er hér starf okkar fjölskrúðugra heldur en á gömlu jörðinni.

Og höfum við fjarlægst kirkjuna, sumar reglurnar og tekið upp meira umbótastarf í anda annarra trúarbragða og gæti ég sagt meira frá því, en vil þó ekki fara út í það nema lauslega að þessu leitinu til.

Vil ég minnast á það í þessu framlífi hef ég aftur tekið upp líkamlega vinnu og saknaði ég þess mjög, eftir að hafa unnið í skrifstofubyggingum á fyrsta framlífs hnetti mínum og er ég nú aftur farinn að njóta líkamlegrar vinnu og vil gjarnan njóta lífsins á fjölbreytilegri hátt, en öll þau ábyrgðarstörf sem líf mitt á fyrsta framlífs hnetti mínum krafðist af mér.

Eru það engar ýkjur að við töldum að kenningar dr. Helga Pjeturss myndu ógna ákveðnu kirkjuvaldi og svefntruflanir mun hann hafa hlotið af þeim sökum.

En átti ég einnig við svefntruflanir að stríða í fyrsta framlífi mínu og mun það hafa haft með það að gera að ég fór gegn lífstefnunni í framlífi mínu að hafa farið gegn honum.

*Í frumlífi meinar þú ?*

Í frumlífi já.

Nafn mitt er Emil Kaaper bankastjóri.

*Lúðvík Emil Kaaper ?*

Já,

*Já okkur grunaði það.*

*Veist þú það að Magnús sonar sonur þinn er kominní reglunna ?*

Já það gleður mig mjög, ég þóttist skynja að þú værir einnig bróðir og myndir skynja til mín.

Já.

Þú hafið haldið þessu vel áfram og ávaxtað þetta mynduglega.

*Jú takk fyrir það.*

Já ég hafi lengi í hyggju að koma í sambandið, en það vill svo til að það gengur misvel.

*Þú mátt ef þú hefur kveðju til Magnúsar, þá skal ég skila henni.*

Já já, það skalt þú gera og segðu þeim að taka vel á móti nýjum félögum sem kannski koma úr ólíkum áttum, við viljum stækka og dafna og það eru ýmis fjölskyldutengsl sem þarf að bæta og fá fleiri í regluna innan,

*Kaaper ertu ?*

Já, og hér er afi miðilsins sem var einnig í reglunni og vill fá hann og fleiri í regluna, senda það til hans ættingja í reglunni að,

*Hvað hét afi miðilsins ?*

Ingólfur Gíslason, og þeir vilja opna dyrnar betur og stuðla að mannkærleika og gleður þá að ég komst í sambandið, en ég get nú ekki verið mikið lengur, þar sem,

*Manst þú eftir þegar við hittumst á Akranesi ?*

Já það er orðið langt síðan það var.

*Já en manst þú það ?*

Já þá var ég orðinn fullorðinn, þú hefur nú verið ungur þá ?

*Já ég var það.*

Og þú manst vel eftir því ?

*Lúðvík Emil Kaaper ég þakka þér fyrir.*

Þakka þér fyrir vinur, þetta var ánægjulegt, ég ætla að reyna að fylgjast með þinni heilsu og vona að vel gangi og vil senda ykkur öllum kveðjur og þakka ég fyrir mig.

*Kaaper má ég spurja þig, þið hafið þá náð fullum sáttum, þú og Helgi Pjeturss ?*

Já, í fjarsambandi eins og ég hef sagt og hann er nú, þetta er löng saga að segja frá en það gekk margt á, á þessari fyrstu framlífs jörð minni og gerðist þar margt í þjóðfélaginu sem minnir á ógöngur kirkjunnar hjá ykkur og er hann nú, hann heldur sínu striki og er ekki háður slíkum samtökum.

En við berum mikla virðingu hvor fyrir öðrum og tölumst við í stjörnusambandsstöðvum, já takk fyrir það.

*Þakka þér fyrir.*

Verið þið sælir og þakka ég fyrir mig og vil gjarnan skila kveðju til míns fólks, verið þið sælir.

*Vertu sæll.*